

Sorpurðun Vesturlands
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
29. jan. 2015 8.14.2	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 30. janúar 2015
Tilvísun: UST20141000011/edk


Úrbótaáætlun samþykkt - eftirfylgnimáli lokið

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 8. janúar 2015 þar sem Sorpurðun Vesturlands var veitt áminning vegna tveggja frávika frá starfsleyfi. Þann 19. janúar sl. fundaði Umhverfisstofnun með rekstraraðila ásamt fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í framhaldi af fundinum barst Umhverfisstofnun tímasett úrbótaáætlun frá rekstraraðila, dags. 23. janúar sl. Í áætluninni kemur fram að gasmælirör verði sett niður um vor/sumar 2015 og gasmælingar hefjist í ágúst nk. Þá er gert ráð fyrir að gassöfnunarbúnaði verði komið fyrir í urðunarrein haustið 2017 og gassöfnun hefjist í október 2017. Rekstraraðili færir rök fyrir því að mikilvægt sé að fylla ákveðinn hluta urðunarreinarinnar og ganga frá yfirborði til hægt sé að safna gasi. Umhverfisstofnun samþykkir þessar áætlun og tímasetningar.

Eftirfylgnimáli sem hófst með bréfi dagsettu 9. október sl. er nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1281/2013.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands